

Flugslysaæfing Reykjavíkurflugvelli okt 2016 Lokaskýrsla



Isavia

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu
Almannavarnardeild ríkislögreglustjóra

1 Efnisyfirlit

2	Frá æfingastjóra.....	2
3	Markmið	3
4	Undirbúningur og framkvæmd.....	4
4.1	Þriðjudagur 17. maí	4
4.2	Miðvikudagurinn 18. maí.....	4
4.3	Fimmtudagurinn 19. maí.....	4
4.4	Laugardagurinn 21. maí.....	4
4.4.1	Helstu tímasetningar	4
4.5	Niðurstaða æfingastjórnar.	5
4.6	Æfingastjórn	5
4.7	Ráðgjafar	5
4.8	Þátttaka	5
4.9	Handrit æfingarinnar og sviðsmynd	5
4.10	Veður	6
5	Vettvangur Hérna væri gott að sýna teikningu af SLY.....	7
6	Rýni.....	8
6.1	Ráðgjafar	Error! Bookmark not defined.
6.1.1	Aðgerðastjórn.....	8
6.1.2	Vettvangsstjórn.	11
6.1.3	Björgunarstjóri.....	11
6.1.4	Aðhlyningarstjóri	12
6.1.5	Fjöldahjálp	13
6.1.6	Flutningsstjóra	13
6.1.7	Leikarar og förðun	14
6.1.8	Gæslustjóri.....	14
6.2	Rýnifundur	15
6.3	Samantekt lærdóms flugslysæfingarinnar.....	15
6.3.1	Hverjir tóku þátt í rýni	15
6.3.2	Það sem vel var gert	16
6.3.3	Það sem betur hefði mátt fara	19

2 Frá æfingastjóra

Ráðgjafahópurinn sem kom að undirbúningi æfingarinnar vill þakka öllum þeim sem tóku þátt í hanni fyrir ánægjuleg viðkygni og jákvætt viðhorf til æfingarinnar og tilgangs hennar.

Að sama skapi vill Isavia vill þakka þeim aðilum sem leggja vinnu sína í skipulagningu þessara æfinga sem haldnar eru á flugvöllum:

Rauðikross Íslands, Landspítali Háskólasjúkrahús, Slysavarnafélagið Landsbjörg, Almannavarnardeild Ríkislögreglustjóra, Landhelgisgæsla Íslands, Rannsóknarnefnd samgönguslysa

Einnig úrlausnaraðilum heima í héraði:

Lögregla, heilbrigðisstofnanir, rauðakrossdeildir, sveitarfélög, björgunarsveitir, slysavarnadeildir, kvennadeildir, flugrekendur, flugvellir, prestar.

Allir þessir aðilum ber að þakka fyrir sitt framlag sem er ómetanlegt.

3 Markmið

Það sem hefur einkennt æfingar á flugvellingum undanfarinn ár er að mikið björgunarafl er til staðar á höfuðborgarsvæðinu, útkallstími bjarga er lítil og stutt á sjúkrahús. Þetta eru verkefni sem oft eru í forgrunni annarra æfinga. Helstu áskoranir eru því mismunandi eftir flugvöllum og aðstæðum hverju sinni. Á Reykjavíkflugvelli er það sem dæmi, flæði slasaðra, flæði og stjórnun bjarga og að viðhalda eðlilegri stjórnunarspönn. Prófað var að taka allar bjargar inn á SLY í gegnum nokkurskonar hlið þar sem tryggð er upplýsingamiðlun og hópar settir í verkefni. Þetta gekk að mestu leiti vel og er eitthvað sem við tökum áfram inn í næstu æfingar.

4 Undirbúningur og framkvæmd

4.1 Þriðjudagur 17. maí

.

4.2 Miðvikudagurinn 18. maí

4.3 Fimmtudagurinn 19. maí

4.4 Laugardagurinn 21. maí

4.4.1 Helstu tímasetningar

11:05	Kveikt í.
11:15	Slökkvistarf byrjað í vettvang 1 og 2.
11:19	SHS kemur inná svæðið fara við gáminn.
11:23	Búið að slökkva elda á svæði 1 og 2.
11:25	610 frá BIRK kemur í eld á svæði 3. Einn áhafnarmeðlimur færir dúkku sem er svartur frá eldinum en var ekki í hættu.
11:33	Eldur á svæði 3 slökktur.
11:34	Bráðaflokkunar teymi frá SHS skoðar vettvang K2, kalla svo inn aðstæður héldu svo áfram.
11:46	Bráðaflokkunar teymið stöðva áhöfn á 610 og setja þá í klippivinnu á svæði K2.
11:47	613 BIRK er að slökkva elda sem kviknuðu aftur á svæði 1 og 2.
11:57	Klippivinna í gangi á K2. Óska eftir börum og flutning á á sjúklingum.
12:11	Bráðaflokkunar teymið frá SHS metur sjúklinga inní flakinu á vettvang K2. Tveir grænir koma út úr flakinu.
12:15	Björgunarsveit kemur til aðstoðar á vettvang K2
12:29	Fyrsti rauði sjúklingurinn út úr flakinu.
12:33	Björgunarsveit flytur 1 rauðan og tvo græna.
12:38	Annar rauður út.
12:50	SHS ásamt stjórnanda sem voru í rútunni koma á vettvang K2 og hlutirnir fara að ganga hraðar fyrir sig
13:05	Vettvangur K2 búinn.

4.5 Niðurstaða æfingastjórnar.

4.6 Æfingastjórn

Æfingastjórn fundaði vikulega í maí mánuði og hálfsmánaðarlega í apríl mánuði. Æfingastjórn er skipuð fulltrúum frá Almannavörnum, lögreglu í héraði og Isavia.

Æfingastjóri	Rögvaldur Ólafsson AVD
Æfingastjórn	Friðjón Viðar Pálmason AVD
Æfingastjórn	Friðgerður Brynja Jónsdóttir AVD
Æfingastjórn	Ágúst Svansson LHS
Æfingastjórn	Friðfinnur Fr Guðmundsson

4.7 Ráðgjafar

Ráðgjafar koma víða að og eru bæði tengiliðir við ýmsar stofnanir, félagasamtök og fyrirtæki sem hafa hlutverk í áætluninni. Fylgst er með einstaka þáttum æfingarinnar og skýrslum skilað um hvernig til tókst.

Ráðgjafi	Guðbrandur Örn Arnarson
Ráðgjafi	Jón Brynjar Birgisson
Ráðgjafi	Bára Benediktsdóttir
Ráðgjafi	Vigdís Björk Agnarsdóttir
Ráðgjafi	Soffía Valsdóttir
Ráðgjafi	Óskar Karlsson
Ráðgjafi	Aðalbjörn Tryggvason
Ráðgjafi	Grétar Karlsson
Ráðgjafi	Haraldur Jakobsson
Ráðgjafi	Jón Þór Gunnarsson
Ráðgjafi	Ómar Björnsson
Ráðgjafi	Dagbjartur Kr Brynjarsson
Ráðgjafi	Jónas Guðmundsson
Ráðgjafi	Ingólfur Haraldsson
Ráðgjafi	Guðrún Lísbet Níelsdóttir
Ráðgjafi	Helga Rósa Másdóttir

4.8 Þátttaka

Nákvæm þátttaka liggur ekki fyrir en miðað við skráningu má reikna með um 350 þátttakendum. Það er ágætis mæting, það vakti eftirtekt að þrátt fyrir að hér á höfuðborgarsvæðinu séu fjölmennustu björgunarsveitir landsins var þátttaka frá sumum sveitum dræm og spurning hvað veldur.

4.9 Handrit æfingarinnar og sviðsmynd

(FPL-FAB777-IS

-F-70/M-SDFGHRZY/S

-BIEG1010

-N0330F240 EL

-BIRK0048 BIKF

-PBN/B2B3B4D2D3O2O3S2 NAV/SBAS COM/SATPHONE DOF/160928 REG/OKJFJ

EET/EL0046 SEL/ZZZZ CODE/4CC4D3 OPR/FAB ORGN/BIRKFXIO RMK/IFPSRA)

Eldsneyti við landingu er 1 tonn

1. FAB777 í loftið á Egilsstaðaflugvelli (BIEG) og flýgur á stefnu beint á Elliðavatn (EL ndb) og klifrar í 24000 fet (F240) og áætlað Reykjavíkflugvöll (BIRK) kl 10:58. á braut 13.
2. Kallar FAB777 í Aðflugastjórn (FAXI TMA) og tilkynnir að vinstrihreyfill sé alveg úti og hægri hreyfillinn sé farinn að missa afl. (HÆTTUSTIG RAUÐUR)
3. Kallar FAB777 MAYDAY MAYDAY MAYDAY í flugturninn á Reykjavíkflugvelli rétt fyrir landingu og segir að það sé kominn upp eldur í hægri hreyfli.(NEYÐARSTIG RAUÐUR)
4. Vélin skautar eftir brautinni og endar sunnan við 31

Tímar er til viðmiðunar og fara eftir flugumferð um völinn. ÆFINGSTJÓRN ákveður boðun á hættu og neyðarstigi.

4.10 Veður

Veður var með besta móti miðað við árstíma. Nokkur kaldur vindur var um tíma sem varð meðal annars til að einn leikari ofkældist.

5 Vettvangur

Vettvangurinn var settur upp með strætisvagni syðst sem stærsta hluta búksins með 26 farþega innanborðs. Þá gámur fyrir miðju svæði með 21 farþega sitjandi í flugvélasætum og skutbíll nyrst sem flugstjórnarklefi með 4 innilokaða sem klippivettvangur **K1**. Milli strætó og gáms að austanverðu var eldvettvangur **E3**, að vestanverðu klippivettvangur **K2**, þar voru 10 farþegar í sendibeðabíl. Milli gáms og **K1** voru tveir eldvettvangur **E1** að vestanverðu (nálægt akbraut alfa) og **E2** að austanverðu. Norðaustan við **K1** var fjötrasæta veggjahreyfla vélin TF-HOF með 4 menn innanborðs og 1 fastan undir henni. Flugvélasæti voru á við og dreif um svæðið, sum með farþegum í en önnur ekki. Töskum og öðrum farangri var dreift um svæðið. Dreifðum einnig dóti vegna rannsóknarpáttar Samgöngustofu. Reykvélar voru hafðar í gangi í gámnum og strætisvagninum þar til fyrsti slökkviliðsmaðurinn með reykköfunartæki kom á staðinn.

Þeir sem settu upp vettvanginn og gættu öryggis á meðan á æfingu stóð og rýndu hana voru:


- Óskar Karlsson
- Grétar Karlsson
- Jón Þór Gunnarsson
- Aðalbjörn Tryggvason
- Ómar Björnsson
- Á æfingunni kom inn Haraldur Jakobsson fyrir Ómar Björnsson

6 Rýni

Rýni er einn af mikilvægu þáttum í kjölfar æfingar. Það sem æfingastjórn hefur stundum séð á æfingum er að ekki er alltaf unnið skipulega að því að laga það sem betur mætti fara, en það er mikilvægt til skipulega sé gengið til verks.

Rýniferlið var með þeim hætti að öllum þátttakendum var boðið að rýna aðgerðina rafrænt. Með þessum hætti koma fleiri að rýni æfingarinnar og fjölbreyttari sjónarmið koma fram.

Einnig var prófuð svokölluð vettvangsrýni þar sem ráðgjafar meta störf helstu stjórnunareininga og verkþáttastjóra á meðan á æfingu stendur. Vert er að taka fram að flestir ráðgjafar fylltu út rýni eftir æfingu



6.1 Vettvangsrýni ráðgjafa

Allir verkþáttastjórar ásamt vettvangsstjórn höfðu sér til halds og traust ráðgjafa, ráðgjafar voru staðsettir á öllum stjórnunarpóstum æfingarinnar. SST,AST,VST og hjá verkþáttastjórum. Þeir mátu þessa stjórnunarþætti út frá því hvort ákveðnum verkefnum hafi verið sinnt eða ákveðnum markmiðum náð. Þetta var metið á skalanum 1-5 þar sem 1 þýðir að verkefni var ekki synt, kröfum ekki náð eða markmiðum ekki náð. Þetta er í fyrsta sinn sem þetta er prófað og er ágætis leið til að meta störf stjórnenda, svo er spurning hvort stjórnendur eru sáttir við að þeirra störf séu metin með þessum hætti.


6.1.1 Aðgerðastjórn

Fjórir ráðgjafar mátu AST í vettvangsrýni, hér að neðan má sjá meðaltal einkunnargjafar þeirra á ýmsa verkþætti AST. Af vettvangsrýni að dæma gekk starf í AST vel, helst mátti bæra áætlanabáttinn og þarna kemur fram að þekking og færni fulltrúa í AST hefði mátt vera betri.

Annað sem kom frá ráðgjöfum um störf AST:


- Það er ekki vænlegt til árangurs að stilla einstaklingum sem hafa fengið litla sem enga þjálfun í að starfa sem verkþáttastjórar í stjórnstöð. Það er vænlegra til árangurs að leyfa þeim að starfa með fyrst.
- Þarna voru einstaklingar settir í verkþáttastjóra stöðu sem aldrei hafa starfað í SÁBF og höfðu ekki hugmynd um hvert þeirra hlutverk væri.
- Leggja hefði mátt meiri áherslu á áætlanagerð og t.d. stofna fyrstu aðgerðalotu eftir fyrstu viðbrögð og gera áætlun fyrir hana.
- Ljóst er að verkefninu er ekki lokið þó allir séu komir á SSS.
- Augljóst er að þörf er á meiri kennslu í aðgerðagrunni. Margir að opna grunninn í fyrsta skipti á æfingunni og setja þarf verklagsreglur um verklag í aðgerðagrunni.
- Þörf á meiri kennslu í SÁBF og vinnu í AST. Hlutverk verkþátta ekki á hreinu og því voru fyrstu viðbrögð fumkennd.
- Vantar meiri áherslu á að úthluta verkefnum með skýrari hætti.
- Það þarf að skilgreina betur hlutverk innan AST og fjölda úrlausnaraðila.
- AST (nýtt húsnæði) var notað í fyrsta skipti í þessari æfingu og miðað við það gekk æfingin nokkuð vel.
- Gott samstarf var á milli eininga sem starfa í AST.
- Þegar búið er að full gera AST þá verður þetta mun auðveldara í framkvæmd.

Vettvangsrýni AST



6.1.2 Vettvangsstjórn.

Í VST voru menn sem ekki höfðu verið áður í þessum stöðum. VST lagði sig fram og samvinna gekk vel. Allir unnu sín störf með miklum ágætum, engin læti eða fyrirgangur allt yfirvegað.



6.1.3 Björgunarstjóri

Rýni björgunarstjóra fór ekki fram með rafrænum hætti, Ráðgjafar skiluðu hefðbundinni skýrslu og eru hér þau atriði sem lúta að störfum björgunarstjóra.

1. Björgunarstjórar (BS) voru í raun 4. Björgunarstjóri Isavia og aðstoðarmaður hans. Björgunarstjóri frá SHS með sinn aðstoðarmann.
2. Stjórnendur Isavia og SHS unnu vel saman.
3. Björgunarstjórar staðsettu sig á enda brautar 31 sem var góður upphafsstaður.
4. BS voru allir saman á sama stað á braut 31 allan tímann þessi staður er 60m norður af slysstaðnum sem er dreifður yfir stórt svæði.
5. BS áttu erfitt með að sjá hvort menn væru að nota reykköfunartæki syðst á vettvanginum.
6. BS gaf skír fyrirmæli í gegnum talstöð en fékk lélega og stundum enga endurgjöf.
7. BS hefðu þurft að skipta vettvanginum upp í svæði og setja aðstoðar björgunarstjóra inn á svæðin til að stjórna þar, til að auka endurgjöf af vettvangi og viðhalda réttri stjórnunarspönn.

8. Það var ekki sett upp bráðaflokkunarsvæði (söfnunarsvæði) við slysstaðinn þaðan sem sjúklingar eru fluttir á SSS samkvæmt SÁBF kerfinu.
9. Það var ekki hægt að sjá hver var stjórnandi flutnings af slysstað yfir á SSS.
10. BS missti eina áhöfn frá SHS í útkall og setti það strík í reikninginn.
11. TF-HOF var staðsett á öruggu svæði 60 m frá björgunarstjórunum og biðsvæði bjarga þar sem björgunarsveitarmenn biðu samt var það ekki fyrr en kl 12:38 sem fyrsti sjúklingurinn (rauður) var fluttur úr úr verkefninu.
12. Eftirtaldir tímar á framkvæmd björgunar þar sem flestir voru í lífshættu, gámur 21 farþegi og rútan 26 farþegar lýsa best árangri okkar í aðgerðinni.

11:11 var útkallið frá turni og 11:14 frá Neyðarlínu.

12:01 Bíll með reykfara sendur í björgun farþega úr strætó. 12:05 kominn á staðinn.

11:57 Búið að klippa K2. 12:44 2 komnir úr flakinu, 13:12 síðasti sjúklingurinn úr flakinu.


11:51 Björgun úr gám hófst, slökkt á reykvélinni og bráðaflokkun hófst.

6.1.4 Aðhlyningarstjóri

Einn ráðgjafi mat störf aðhlyningarstjóra. Í texta frá ráðgjafa kemur eftirfarandi fram. Mat ráðgjafa má sjá hér að neðan. Ljóst er að störf aðhlyningarstjóra góð á æfingunni en mikilvægt er að finna annan stað fyrir söfnunarsvæði slasaðra (SSS) og brýnt að það sé gert.

- Yfirsýn og stjórn gekk mjög vel.
- Tveir hjúkrunarfræðingar skiptu með sér verkefnum aðhlyningarstjóra og höfðu einnig með sér fjarskiptamann sem kom frá Landsbjörgu. Samskipti þessara þriggja gengu vel.
- Fjarskipti voru mjög góð bæði við vettvang og einnig til AST.
- Það að heilbrigðisstarfsmenn hafi beinan talhóp frá vettvangi og til AST/SST leysir mikið flækjustig, að geta gefið lýsingu á áverkum sjúklinga og þannig fengið aðstoð við að finna viðeigandi pláss á landinu flýtir fyrir því að sjúklingar komist í viðeigandi meðferð.
- Einnig skiptir máli fyrir aðhlyningarstjóra að hafa samband við heilbrigðismenntaðan einstakling til þess að biðja um sérhæfðan búnað sem annars skilst kannski ekki þeim sem ekki þekkja til heilbrigðismála.
- Beiðni kom í upphafi æfingar að hafa einn stað þar sem talið var út. Þegar á leið var ljóst að það hentaði mjög illa að grænir tepptu útgönguleið fyrir rauða og gula. Því hefði verið betra að nota upphaflegt plan áætlunar og telja græna útaf söfnunarsvæði grænna.
- Húsnæðið sjálf er afar óheppilegt og alltof lítið. Það var þökkalega hlýtt þar inni og búið að gera eins snyrtilegt og unnt er en svæðið er ekki heppilegt fyrir mikið slasað fólk.
- Söfnunarsvæðið fyrir græna er alltof lítið, þar skapaðist kaos og var afar óhentugt að taka á móti grænum á börum. Einnig er sérstaklega erfitt að sinna slösuðum sem jafnvel þarf að ventilerar í langan tíma á gólfinu. Það verður að finna slösuðum betri staðsetningu heldur en bílaverkstæði. Til að mynda eru þarna flugstöð, HR og Valsheimili þar sem er mun meira pláss. Borð sem hægt er að setja bekkja uppá og sinna fólk á. Betri aðgangur að rennandi vatni.
- Mönnun á SSS gekk mjög vel og sjaldan sem þangað vantaði hendur.
- Samskipti aðhlyningarstjóra og flutningastjóra var einnig með besta móti og vel gekk að flytja slasaða af svæðinu.

Vettvangsrýni aðhlyningarstjóra




6.1.5 Fjöldahjálp

6.1.6 Flutningsstjóra

Einn ráðgjafi fylgdist með störfum flutningsstjóra. Nokkur atriði þarf að skoða í kjölfarið samkvæmt ráðgjafa.

- Upphaflegt flutningsstjóra var ágætt en gekk svo ekki upp og ekki var brugðist við því. Í stað þess að tæma að mestu MÓT yfir á þau 2 biðsvæði bjarga sem sett voru upp var haldið úti 3 "biðsvæðum" í raun með tilheyrandi vöntun á yfirsýn.
- Auk þess voru biðsvæði fyrir tæki með flutning fyrir liggjandi annarsvegar og sitjandi hinsvegar það langt frá flutningsstjórum að það skorti á yfirsýn á þau svæði.
- Flutningsstjórar komu báðir frá SHS en 90% tækja sem voru flutningsstjóra til ráðstöfunar komu frá SL. Nauðsynlegt er að skrifað sé inn í áætlun að aðstoðarmaður flutningsstjóra komi frá SL til að auðvelda og bæta störf.
- Tappi myndaðist fyrsta 30 - 40 mín á æfingu þar sem flæði bjarga af þessum 3 "biðsvæðum" var ekki nægilegt. Virðist sem björgunarstjóri hafi ekki haft næg yfirsýn yfir vettvang þ.e. til að meta hvort öllum sjúklingum væri nægilega sinnt.

- Einnig er nauðsynlegt að minnst á að allir bjargir eiga að mæta á MÓT en svo var ekki á þessari æfingu. Tækjum frá SHS var vísað beint inn á svæði þmt sjúkrabílum í stað þess að mæta á MÓT og fara í gegn um sömu skráningu og aðrar bjargir. Einnig fóru RKÍ lið beint á staðinn.




6.1.7 Leikarar og förðun

6.1.8 Gæslustjóri

- Gæslustjóri var með einn til aðstoðar sem sá um talningu. Í raunatburði hefði sennilega þurft mannskap til að hefta ágang á flugvallarsvæðið

Vettvangsrýni Gæslustjóra



6.2 Rýnifundur

Eiginlegur rýnifundur var ekki aldin. Rýni fór fram rafrænt og má sjá niðurstöður hennar hér að neðan. Niðurstöður rýni fara til úrlausna hjá einstaka viðbragðsaðilum eftir því sem við á við undir samræmingu almannavarna í héraði.

6.3 Samantekt lærdóms flugslysaæfingarinnar

Vert er að hafa í huga við lestur svona samantektar að í eðli sínu beinist hún meira að þeim þáttum sem betur máttu fara á æfingunni. Það er þó samdóma álit nánast allra sem að komu að æfingin, bæði skipulag og úrlausn hafi gengið afar vel fyrir sig.

Það er á höndum hvers aðila fyrir sig og aðgerðastjórnar að tryggja að laga það sem betur má fara í kjölfar æfingarinnar og afar mikilvægt að það sé gert.

6.3.1 Hverjir tóku þátt í rýni

Fjöldi þátttakenda tók þátt í rýni æfingarinnar. 56 rýniskýrslur bárust en rýni fór fram rafrænt.

Viðbragðsaðili	Hlutfall	Fjöldi
Flugturninn á Keflavíkflugvelli	0,0%	0
Flugstjórnarmiðstöðin í Reykjavík (OACC)	0,0%	0
Neyðarlínan - 112	0,0%	0
Aðgerðastjórn höfuðborgarsvæðisins	11,5%	6

Vettvangsstjórn	13,5%	7
Samhæfingarstöðin	5,8%	3
Lögregla höfuðborgarsvæðisins	28,8%	15
FjarSKIptamiðstöð ríkislögreglustjóra	0,0%	0
Flugvallarþjónusta (björgunar og slökkviþjónusta)	0,0%	0
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins	5,8%	3
Landspítali, bráðamóttaka	1,9%	1
Svæðisstjórn, Svæði 1	1,9%	1
Svæðisstjórn, Svæði 2	0,0%	0
Landsstjórn björgunarsveita	0,0%	0
Björgunarsveitir, Svæði 1	11,5%	6
Rauða kross deildir á höfuðborgarsvæðinu	13,5%	7
Rauði krossinn - Landsskrifstofa	5,8%	3
Kennslanefnd (ID-nefnd) ríkislögreglustjóra	0,0%	0
Rannsóknarnefnd samgönguslysa	0,0%	0
Landhelgisgæslan - flugdeild	0,0%	0
Landhelgisgæslan - JRCC Ísland	0,0%	0
Flugfélag Íslands	0,0%	0
Prestar	0,0%	0

6.3.2 Það sem vel var gert

Það er mikilvægt að halda til haga þeim þáttum sem vel gengu á æfingum, atriði í þessu flokki ættu að vera öðrum til eftirbreytni. Punktur eru teknir úr rýniskýrslum þátttakenda og eru beinar tilvitnanir þeirra.

6.3.2.1 Undirbúningur æfingar

- Mjög gott að hafa skrifborðsæfingu. Hún hjálpaði mikið.
- Mér fannst undirbúningurinn ganga vel og mér fannst mjög gott halda svona skrifborðsæfingu.
- Skrifborðsæfing nauðsynleg og gott að hitta alla verkefnisstjóra fyrir æfingu -
- Undirbúningur gekk vel. Skipulag var ágætt að flestu leyti.
- Gott að hitta þá aðila sem maður átti að vinna með áður en æfingin fór fram,
- Skrifborðsæfingin var mjög gagnleg og algerlega nauðsynleg að mínu mati.
- Skipulagið í heild sinni.
- Heilt yfir gekk undirbúningur vel
- Það var gott að hittast oft fyrir æfingu í nýjum húsakynnum
- Að hafa skrifborðsæfingu var mjög gott og halda fund þannig að fólk kannaðist hvert við annað.
- Allt gekk vel
- Ekki að marka mig þar sem að ég var í frí þegar undirbúningsfundur um æfinguna var haldin en fór bara til Ævars og fékk upplýsingarnar sem ég þurfti. Þannig að mér fannst allt hafa gengið vel.
- Skrifborðsæfing sem haldin var fyrir æfinguna var mjög gagnleg. Fundur með vettvangsstjórn mjög gagnlegur
- Nauðsynlegt að hafa skrifborðsæfinguna og leggja mætti meiri áherslu á hana fyrir þá sem að henni eiga að koma uppá betri mætingu. Tímasetning að hún væri búin kl. 13 stóðst og var flott. Æfingin setti einnig góðlátlega pressu að klára sem mest í AST sem er gott.
- Æfingin var vel undirbúin

- Undirbúningsfundir og skrifborðsæfing voru mikilvægir þættir í æfingunni, þá sérstaklega skrifborðsæfingin. Þar gafst úrlausnaraðilum tækifæri til að setja sig í hlutverk og undirbúa sig fyrir það hlutverk sem það kom til með að sinna á æfingunni. Á undirbúningsfundum var talað um að fulltrúar í aðgerðastjórn væru í stakk búnir til að hoppa í það hlutverk sem laust væri hverju sinni. Á æfingunni var svo mikið um nýja einstaklinga sem ekki búa yfir mikilli reynslu, og því mikilvægt að hver og einn fái tíma til að undirbúa sig fyrir það hlutverk sem beið þeim á æfingunni. Skrifborðsæfingin reyndist einnig afar mikilvæg hvað tæknimál varðar.
- Viðburðurinn var framsettur á Facebook og þar var hægt að bæta inn upplýsingum sem ég tel að nái til talsvert fleiri almennra aðila heldur en tölvupóstur, FB er samt bara góð viðbót. Það var ekki annað að sjá en mikil og góð vinna hefði verið lögð í vettvang og sjúklinga.
- Mikill metnaður við undirbúning æfingarinnar frá LRH. Skrifborðsæfingar teknar.
- Undirbúningur ágætur
- Upplýsingar og dreifing gagna var til fyrirmyndar
- Tók lítinn þátt í undirbúningi en þótti upplýsingar á FB síðu almanna varna mjög gagnlegar.
- Að setja mannskapinn inn í æfinguna.
- Hef ekki skoðun á því.
- Æfingar
- Góðar upplýsingar til þátttakenda.
- Fínn fundur haldinn fyrir æfingu þar sem hver og einn fékk hlutverk og fékk að vita út á hvað æfingin gekk
- Fékk ekki undirbúning fyrir æfinguna. Las aðeins áætlunina.
- Allt gekk vel þar sem ég kom að.
- Ráðgjafar náðu að funda hæfilega oft fyrir æfinguna.
- Góðar upplýsingar um æfingu.
- Varð lítið var við undirbúning.
- Undirbúningur gekk að flestu leiti vel.
- Tók ekki þátt í undirbúningi
- Undirbúningur gekk vel m.t.t. æfingar sem var deginum áður. Mikilvægt að fólk gangi til æfingarinnar sem um æfingu og upprifjun sé að ræða en ekki próf eins og stjórnendur æfingarinnar töluðu um.
- Mjög vel
- Upplýsingar og boðun.
- Góður fyrirvari var á æfingu
- Handbók þátttakenda var góð
- Skipulag leit vel út fyrir æfingu
- Upplýsingaflæði innan minnar sveitar
- Setningarfundurinn á föstudeginum klukkan 17 var mjög gagnlegur og flott að fá briefing yfir það sem koma skal.

6.3.2.2 Framkvæmd/úrlausn æfingar

- Samstarfið gekk vel. Menn töluðu saman og leystu vandamál í sameiningu.
- Það gekk allt vel fyrir sig og ég er sérstaklega sáttur við að talningin inn á SSS gekk upp.
- Fjarskipti við AST gengu vel, gott að hafa hlustun á LSH - frábært að vera með 2 talhópa fyrir aðhlyningarstjóra. Talning inn og út stemmdi.
- Æfingin gekk mjög vel, var vel stjórnað og allir, sama í hvaða stöðu þeir voru, stóðu sig vel og gerðu greinilega sitt besta.

- Stórum dráttum gekk æfingin vel, talstöðvarsamskipti gengu vel.
- Samskipti á við aðra úrlausnaraðila. Æfingin raunveruleg
- Samvinna þeirra sem tóku þátt.
- Fumlaus vinnubrögð.
- Flæðið á æfingunni gekk heilt yfir mjög vel
- Mér fannst hver aðili vera með hlutverk sitt nokkuð vel á hreinu
- Samstarf milli eininga innan aðgerðarstjórnar
- Æfingin gekk vel
- Ég var að vinna á söfnunarsvæði slasaðra og fannst þetta heilt yfir hafa gengið mjög vel.
- Vettvangsstjórn vann vel saman, fjarskipti gengu vel,
- Vettvangsstjóri var að halda ágætri yfirsýn og var oft með stöðufundi en þeir sem voru á stöðufundunum voru oft farnir í önnur verkefni á þeim miðjum sem var miður. Gott samband, fjarskipti og fjarfundur gekk vel milli AST og VST þegar þau voru komin í gang. Björninn kom vel út og góð aðstaða. Vettvangsstjóri tilkynnti þegar fjarskiptaskipulagið var virkjað og kallaði upp hverjir ættu hvaða talhóp sem var flott.
- Flest gekk vel eins og til var ætlast
- Fjarskipti og samskipti inn í aðgerðarýminu gengu vel.
- Samstarf viðbragðsaðila virtist ganga vel og allir að stefna að sama markmiði sem ein heild
- Talstöðvasamskipti gengu vel sem er sérlega mikilvægt í þessum aðstæðum þar sem fjöldi björgunaraðilar vinnur saman.
- Samvinna og samskipti. Tölvu- og talstöðva fjarskipti gengu vel
- Æfingin í heild sinni gekk vel.
- Góð samvinna og samskipti á staðnum. Fékk góðar upplýsingar um skiptingu verka í aðstæðum. Mjög fróðlegt.
- Vel skipulögð æfing.
- Tetrarásirnar eru að virka vel og gott að geta sett hópanna niður á sér rásir. Því fleiri sem taka þá í svona æfingu, því betur heppnast hún eða atriði koma í ljós sem betur má fara yfir.
- Mér fannst æfingin ganga vel; samskiptin/upplýsingaflæðið, skipulagið, úrvinnslan
- Rólegt vinnuumhverfi í samhæfingarstöð, góð samskipti milli aðila í stöðinni. Náðum að sinna flestum okkar verkefnum.
- Mönnun sjálfbóðaliða og samstarf milli eininga
- Gott flæði æfingar ekkert stress.
- Fín samvinna milli hópsins, gekk mjög smurt
- Þegar farið var að stýra innflæði til greiningarsveitar þá fóru hlutirnir að ganga betur fyrir sig þar.
- Almennt gekk æfingin vel.
- Stjórar stóðu sig vel (flutningastjóri og aðhlyningarstjóri). Flott æfing sem margt var hægt að læra af.
- Raunsæ æfing – flott förðun leikara.
- Fékk verkefni í strætónum með minni áhöfn, skemmtilegt verkefni. Varð ekki var við mikla steypu í fjarskiptum.
- Samskipti við flugrekendur sæmilega: Flugfélag Íslands OPS tók þátt í æfingunni. Icelandair OPS svaraði símtali frá SST Flugþjónustan svaraði símtali frá SST
- Var í söfnunarsvæði slasaðra eingöngu. Ástandið þar á köflum annasamt og fannst yfir heildina þar allt ganga vel.
- Mörgu leiti gekk flest vel m.v. það sem lagt var á stað með í upphafi. Góð upprifjun og gott að komast þarna inn til að sjá kerfin sem unnið er á og til að komast betur inn í þau.

- Frá sjónarhorni vettvangsstjórna tel ég að æfingin hafi almennt gengið vel
- Verkbáttastjórnendur voru með góða yfirsýn og gekk vel að útdeila verkefnum. Samstarf milli viðbragðsaðila var mjög gott fumlaust og faglegt
- Vettvangsstjórnun, sjúklingar og vinna á vettvangi
- Fjarskipti við björgunarstjóra gengu vel.
- Í heildina gekk ágætlega, amk fannst mér ég læra margt og mikið.
- Björgun sjúklinga tel ég að hafi gengið vel.

6.3.3 Það sem betur hefði mátt fara

Hér er samantekt yfir það sem betur mátti fara að mati úrlausnaraðila og ráðgjafa. ATH að tillögur til úrbóta, eigandi og forgangur er aðeins tillaga frá æfingastjórn.

6.3.3.1 Það sem betur mátti fara í undirbúningi æfingarinnar

Rýnipunktur	Tillaga til úrlausnar	Eigandi	Forgangur
Hefði mátt kynna betur hlutverk og vinnu annarra viðbragðsaðila til þess að ná betri yfirsýn. Svo maður sé ekki of hólfaður niður í sínu hlutverki. Fara betur yfir fjarskiptamálin, rásirnar.	Markvissari undirbúning hvers og eins aðila	Allir	Gulur
Það má hafa það í huga að þeir sem taka þátt í verkefninu, vinna ekki allir dagvinnu, þarf því að láta vita um skipulag með lengri fyrir vara. Sérstaklega á þetta við ef mikið lesefni er fyrir æfingu því það eiga ekki allir kost á að kynna sér mikið lesefni í vinnutímanum. Það gæti verið spurning um að senda efni einnig á einkanetföng manna því það eru margir sem ekki eiga þess kost að lesa vinnupóstinn annarstaðar en í vinnunni.	Það er ekki auðvelt að að gera meira í þessu af hálfu æfingastjórnar. Fundir voru meira og minna utan vinnutíma eins og hægt er. Skrifborðsæfing var haldin frá 11 – 13. RKÍ og SL geta hugsanlega aðstoða sjálfboðaliða með samantektum og örnámskeiðum sem taka saman hlutverk hvers og eins aðila.	SL/RKÍ/æfingastjórn	Gulur
Aðstoða til æfingar hafði mátt vera betri vantaði borð og stóla fyrir þá sem voru í vettvangsstjórn.	Með vilja gert að hafa aðstöðu skrifborðsæfingar eins hráa og hægt er og láta aðila vinna úr því sem þeir höfðu.	Æfingastjórn	Grænn
Aðstoðan í Skógarhlíð (tölvumál) var ekki alveg tilbúin.	Klára aðstöðu í AST	AST	Gulur
Skilgreina betur verksvið hvers og eins. LRH.	Gerð verklags fyrir stöður og hlutverk	LRH	Gulur
Að hafa örnámskeið í SÁBF fyrir nýliða hefði hjálpað töluvert.	Skoða námskeiðin sem gerð voru af SL þar sem eru stuttir fyrirlestrar um öll málefni hópslysa	Allir	Gulur
Fá fleiri skrifborðsæfingar, æfa fjarskipti, fá nýtt fjarskiptafyrirkomulag fyrr.	Haldin er ein skrifborðsæfing fyrir æfinguna sjálfa. Stundum eru tekin tvö rön á henni en	Æfingastjórn	Grænn

	að örðu leiti er skrifborðsmódelið vannýtt.		
Mér fannst hvatning og upplýsingagjöf til björgunarsveita vera ábótavant. Auk þess sem kynningarefni um æfinguna var á viðburði á Facebook en ekki búið að senda upplýsingar um þann viðburð á t.d björgunarsveitir. (ath að pósturinn hjá SL hefur verið í einhverju rugli spurning hvort að einhverjir fengu slíkt eða hvað). Leggja hefði mátt meiri áherslu á að allir aðilar úr AST, VST og verkþáttastjórar og aðstoðarmenn sem tækju þátt á laugardeginum tækju þátt í skrifborðsæfingunni. Allt efni í tengslum við æfinguna var að koma seint, aðeins 2-3 dögum fyrir æfingu þ.m.t. handbók æfingarinnar Flugslysaáætlun hefur ekki verið uppfærð og gefin út frá 2013.	Facebook sem upplýsingamiðill hefur almennt verið að reynast vel. Æfingastjórn stendur beint eða óbeint að tveimur síðum tengdum hverri æfingu. Almennri síðu úrlausnaraðila og svo fyrir bakskipulag leikara. Upplýsingamiðlun er afar mikilvægur þáttur í aðdraganda æfingar.	SL/æfingastjórni	Gulur
Það má velja því fyrir sér hvort gott hefði verið að fara í gegnum viðbragðsáætlunina saman í aðgerðastjórninni. Vissulega ber hverjum fulltrúa að lesa áætlunina, hver í sínu horni, en þó hefði líklega verið gagnlegt að hópurinn hefði saman farið yfir hana.	Halda undirbúningsfundi í AST, æfa reglulega	AST	Gulur
Uppfærð áætlun hefði átt að vera tilbúin fyrir þar sem þátttakendur gætu fengið betri undirbúningstíma til að fara yfir sína þætti og geta þannig skilað betur undirbúnum viðbragðsaðilum.	Uppfæra áætlun í tíma	AVD/ISA/LRH	Gulur
Meiri tími til að lesa yfir áætlanir.	Undirbúningur hvers og eins markvissari	Allir	Grænn

<p>Skipuleggja fyrirfram hver væri talsmaður skyndihjálparhópsins þegar verið var að kalla þá upp í tetra. Nauðsynlegt að viðhalda svona æfingum með skrifborðsæfingum, reglulega. Vantaði fleiri leikara til að leika t.d. aðstandendur og fleiri til að áreyta með símtölum. Enn vantar að geta breytt "Atvik" í aðgerðargrunninum í "Verkefni" og merkja við þau að búið sé að breyta þeim í "Verkefni", og þá hver er með verkefnið. Þetta myndi fyrirbyggja og eða minnka mistök við að atvik geti gleymst í hita leiksins. Oft er hellingur af atvikum í stórrí aðgerð og oft ekki ljóst hver tók atvikið að sér.</p>	<p>Virkt hópstjórnaskipulag allra viðbragðsaðila, svo að aldrei fari á milli mála hver fer fyrir hópum í aðgerðinni. Gera skrifborðsæfingar fyrir úrlausnaraðila á vettvangi, nú bara fyrir stjórnendur.</p>	<p>SL</p>	<p>Rauður</p>
<p>Slysið var á Reykjavíkflugvelli og var AST höfuðborgarsvæðisins og SST virkjuð. Samkvæmt verklagsreglum á SST að vera bakland fyrir AST varðandi bjargir utan umdæmis höfuðborgarsvæðisins. Flugfloti frá Flugfélagi Íslands, flugfélaginu Ernir og LHG er með bækistöðvar í Reykjavík, sem er innan umdæmis höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt verklagi ætti því SST ekki að annast útvegum á björgum heldur ætti það að vera í höndum AST. Bent skal á að innan SST eru sérfræðingar ISAVIA og LHG með fullbúnað vinnustöður til að annast þessi verkefni. Taka þarf meðvitaða ákvörðum um það hvort litið verði á bjargir frá þessum flugtengdu aðilum sem bjargir utan umdæmis og SST verði látin sjá um þessa vinnu eða AST komi sér upp þeim búnaði sem til þarf og tryggi sér aðgang að sérfræðingum til að annast þessa vinnu.</p>	<p>Ræða þarf hlutverk AST og SST.</p>	<p>AVD/AST</p>	<p>Rauður</p>

Æfingin á föstudeginum hefði mátt ganga lengra þ.e. eins og um raunverulegan atburð væri að ræða. Tel miklar líkur á, þegar horft er til höfuðborgarsvæðisins, að þegar aðgerðarstjórn kemur inn að þá sé búið að koma flestum ef ekki öllum sjúklingum inn á SSS. Fjöldi björgunareininga sem koma strax í verkefnið er svo mikill og menn ganga hreint til verka þegar um alvöru er að ræða þannig að mínu viti væri aðgerðarstjórn að koma inn á þeim tímapunkti. Því vert að skoða aðkomu FMR í upphafi slíkra tilvika og æfinga í framtíðinni sem og hvort og hverjir fara á MÓT.	Það er reynsla af virkjun í KEF að AST virkjast afar fljótt og það er mikilvægt. Staðsetning AST og fyrirhugaður rekstur AST mun einnig tryggja virkni AST afar fljótt. Mikilvægt er að allir viðbragðsaðilar geri verklag um hvernig þeir leysa hlutverk sín í áætluninni en fæstir viðbragðsaðilar hafa innleitt verklag tengt flugslysaáætlunum eða örðum áætlunum.	Æfingastjórn	Rauður
Skipulag talhópa	Talhópaskipulagið var kynnt á fundi fyrir æfinguna en það var ekki búið að setja það inn í áætlunina mikilvægt að uppfæra allar áætlanir AV með nýju skipulagi	AVD	Gulur
Fara betur yfir hlutverk hvers viðbragðsaðila fyrir sig	Betri undirbúningur hvers og eins aðila	Allir	
Það mætti vera skýrara frá upphafi hvað átti að æfa. Gengið var út frá því að æfa samkvæmt áætlun til að finna svo út hvað þyrfti að laga en áætlunin stóðst ekki. Halda fleiri fundi og senda frá sér betur unnin gögn og upplýsingar varðandi staðsetningar, lokanir og aðrar merkingar.	Betri upplýsingagjöf, áætlun til fyrr	Allir	Gulur
Of margir viðburðir á FB sem boðið var í og var á stundum ruglandi því fólk frá mörgum aðilum og skipulagseiningum voru að setja misvísandi upplýsingar, mætti hafa þannig að einn stór event sé fyrir alla og síðan bara einn minni fyrir hverja einingu	Betri og markvissari upplýsingagjöf	Æfingastjórn	Gulur

6.3.3.2 Það sem betur mátti fara á æfingunni

Rýnipunktur	Tillaga til úrlausnar	Eigandi	Forgangur
-------------	-----------------------	---------	-----------

<p>Grænir sjúklingar fóru um sömu dyr og gulir og rauðir og olli það tregðu/stíflu - húsnæðið er alls ekki hentugt fyrir slasaða, eiginlega ómögulegt að sinna stórslösuðum á hnjónum - allt of lítið pláss fyrir græna sjúklinga sem gætu verið æstir og fyrirferðamiklir. (hvað með HR eða Hlíðarenda? -nóg pláss, nóg af borðum)</p>	<p>Umræða um SSS er ekki ný en mikilvæg. Réttast væri að viðkomandi aðilar taki ákvörðun um hvar SSS á að vera og ljóst að aðstaða í bílageymslu á flugvelli er alls ekki ákjósanleg fyrir SSS. Hafa verður í huga að í HR er starfsemi góðan lunga úr deginum og mikilvægt að gera sér grein fyrir hvernig húsið verði rýmt í slysi, hvernig ætlum við að æfa í rýmum sem við erum ekki með fulla stjórn á, fylgir því einhver kostnaður bæði í æfingum og útköllum, hver á að greiða hann osfr. En mikilvægt er að SSS sé fundin viðeigandi staður með hagsmuni þolenda að leiðarljósi. Einn möguleiki er að SSS verði á LSH og aðstaða í bílageymslu verði stækkuð með tjöldum með því er hægt að fækka flutningum og bjargir nýttust betur.</p>	<p>AST/LSH/AVD</p>	<p>Rauður</p>
---	---	--------------------	---------------

<p>Það þarf greinilega að efla þátt Gæslustjóra varðandi talningu en hún gekk ekki eins og best væri á kosið. Það er enginn vafi á því að þeir sem því verkefni sinntu lögðu sig vel fram. Það þarf hinsvegar að fjölga mannskap í þeim þætti eða skipuleggja það verkefni á anna og betri veg. Þetta skilst mér að sé þekkt vandamál en vantar að taka á. Á þeirri tækniöld sem við lifum á, ætti að vera sjálfsagt að hafa loftmyndir eða allavega myndir sem teknar væru úr sem mestri hæð, yfir æfingasvæðinu eða við hlið þess. Þetta myndi gera alla stjórnun markvissari og auðveldara væri að læra af æfingunni, eftirá. Eitthvað var um að verið væri að logga í AST, upplýsingar sem fengist höfðu beint af slysstað, en komu aldrei til VST. Þetta töldu menn í VST ekki eðlilegt, þetta hafi verið upplýsingar sem hefðu átt að fara beint í VST. VST gat ekki fylgst með öllum loggi AST en sá þetta fyrir tilviljun.</p>	<p>Skoða má talningar forrit sem er verið að þróa og er á loka metrunum, skoða skönnun bráðaflokkunarspjalda. Einnig þarf að skoða notkun dróna í hópslysum en útbreiddasta tegund dróna í eigu viðbragðsaðila er lokuð fyrir því að fljúga á og við flugvelli. Tengja þarf betur verkþáttastjóra við VST</p>	<p>AST/LRH</p>	<p>Gulur</p>
<p>Samband milli VST og AST hefði mátt vera skýrar, gott væri að þau verkefni sem VST bað AST um að leysa hefðu komið uppá skjá þar sem báðir aðilar hefðu geta séð þau og hver staðan á verkbeiðnum hafði komið fram.</p>		<p>AST</p>	<p>Gulur</p>

<p>Við þurfum að útbúa okkur merkingar til að merkja eftirlifendur sem búið er að tala við. Slasaðir voru oft færðir á milli greiningastöðva og öngþveitið sem myndaðist þegar mest var um að vera gerði það að verkum stundum var byrjað að tala aftur við farþega sem búið var að tala við. Leikarar virtust ekki hafa fengið handrit um æfinguna eða leiðbeiningar um hverju þau ættu að svara ef þau væru spurð út í atburðinn. Þegar farþegar voru spurðir hvar þeir hefðu setið í flugvélinni var svarið yfirleitt á þann veg að hann hefði setið í gámnum, rútunni eða bílnum. Þetta ruglaði okkur aðeins í rýminu í fyrstu og sumir héldu að það hefði líka orðið rútuslys. Eins töluðu sumir um að þeir hefðu verið í „hinni flugvélinni“ en skv. því sem ég heyrði var handritinu breytt rétt fyrir æfingu. Það dró úr vægi upplýsingaöflunar og raunveruleika æfingarinnar. Ekkert alvarlegt en það má benda á þetta. Leikarar virtust ekki hafa fengið handrit um æfinguna eða leiðbeiningar um hverju þau ættu að svara ef þau væru spurð út í atburðinn. Þegar farþegar voru spurðir hvar þeir hefðu setið í flugvélinni var svarið yfirleitt á þann veg að hann hefði setið í gámnum, rútunni eða bílnum. Þetta ruglaði okkur aðeins í rýminu í fyrstu og sumir héldu að það hefði líka orðið rútuslys. Eins töluðu sumir um að þeir hefðu verið í „hinni flugvélinni“ en skv. því sem ég heyrði var handritinu breytt rétt fyrir æfingu. Það dró úr vægi upplýsingaöflunar og raunveruleika æfingarinnar. Ekkert alvarlegt en það má benda á þetta. Aðstaðan á SSS var þröng og Græna svæðið allt of lítið fyrir allan þann fjölda og óhentugt fyrir alla aðila.</p>	<p>Sviðsmynd og vettvangur verða að passa saman og allir upplýstir um breytingar. Ýtarlegri upplýsingagjöf til leikara og staðsetning SSS.</p>	<p>AST/ISA/RKÍ</p>	<p>Gulur</p>
<p>Menn voru frekar æstir á vettvangi hjá Landsbjörg.</p>		<p>SL</p>	<p>Grænn</p>

í aðgerðarstjórn mætti fínússa hópana betur saman og tengja mætti heilbrigðisgeirann betur saman. einnig voru grá svæði á milli aðgerðarstjórnar og samhæfingarstöðvar hvað varðar heilbrigðisgeirann og Isavia		AST	Gulur
Upplýsingar um slasaða sjúklinga voru mjög óáreiðanlegar		LSH	Gulur
Að fólk treysti öðrum til að vinna sinn hluta. Einstaklingar/ur framkvæmd voru farnir framúr sér.		Allir	Grænn
Fara fyrir í björgun á vettvangi en ekki bara að slökkva eldinn.		SL/SHS/ISA	Gulur
Stöðufundir við verkþáttastjóra hefðu mátt ganga betur,		VST/allir	Grænn
Til að komast inná svæði áttu allir að vera með merki í gluggum bílanna. Það koma hvergi fram og við ekki með slíkt til að komast inná svæðið, hvernig verður þetta við raunslýs einnig.	Merkingar ökutækja eru aðeins notuð með þessum hætti á æfingum þar sem flugvöllurinn er í fullum rekstri meðan á æfingu stendur ólíkt því ef slys yrði á vellinum	Æfingastjórn	Grænn
Vesti þarf til að skilgreina hver er hvað bæði í AST og VST, t.d. mætti kaupa vesti fyrir vettvangsstjóra sem gæti átt heima í Birninum.		AST/VST	Gulur
Lögreglan var að vinna eftir gátlista, væri ágætt að samræma gátlista og vera með fyrir bæði AST og VST til að allir séu með verklagið á hreinu.		LRH	Gulur
SSS var of lítið og umferðateppur þar sem verið var að nýta sömu hurðir fyrir inn og útgang.		LSH/AVD/ISA	Rauður
Þjálfar þarf þá sem starfa í AST og VST, gera ákveðnar hæfnikröfur og ákveðin námskeið sem aðilar þurfa að sækja til að vinna þar.		Allir í AST og VST	Rauður
Aðgerðagrunnur, ýmsir punktar þar til að laga flæði verkefna, búið að senda á Brand.		SAREYE	Gulur
Of mikið af verkefnum í upphafi sem AST vildi frá VST sem var að koma undir sig fótum á æfingunni og koma verkþáttastjórum í gang.		AST/VST	Gulur
Þeir sem sjá um fjarskipti í VST ættu að logga sjálfir það sem gerist á sínum talhópum og nýta hefði		VST	Gulur

mátt fjarskiptastöðvar Björnsins í það sem dæmi.			
Stjórnandi mót - mæti vera merktur sem slíkur.		LRH	Gulur
Hjá aðhlyningarstjóra, það sé einhver sem taki á móti þegar börur eru tilbúnar og fluttar yfir í bílana til að hafa yfirsýn.		LSH	Grænn
Vont þegar sást í aðgerðalogg frá AST að bæði kom upp ALVARA tilvik og að síðasti aðili væri að fara á börur á vettvangi en þetta kom hvergi fram í fjarskiptum og VST því ekki upplýst á réttan hátt.		AST/VST	Gulur
Verkbáttastjórar kvörtuðu undan að komast ekki að á VST-1 AST byrjaði á AST1 og náði vettvangsstjórn því ekki sambandi við AST í upphafi á blár 1.0 eins og skipulagið gerir ráð fyrir.		AVD/AST	Gulur
Vettvangsstjóri var ekki skipaður formlega.		LRH	Grænn
Skilgreina þarf betur hvað við þurfum marga í VST og hvaða hlutverki þeir gegna við stórslys.		VST/AST	Grænn
Stór stuttur hittingur í lokin, velti fyrir mér hvort það ætti samt ekki að vera, því eftir æfinguna hefur maður bara yfirsýn yfir sinn stað en ekki hvernig þetta gekk í heild. Smá samantekt í lokin tel ég af hinu góða.		Æfingastjórn	Grænn
Overload af upplýsingum í grunninum.		AST	Grænn
Líklegast hefðu þátttakendur mátt vanda sig betur í að tala í talstöðvar þá er átt við raddbeitingu, fjarlægð frá míkrofóni og annað sem eykur líkur á að raddir allra séu að hljóma af svipuðum styrkleika. Einnig hefði í sumum tilfellum upplýsingar mátt vera faglegri í framsetningu og hnitmiðaðri		Allir	Grænn
Fannst að fyrr hefði mátt fara af stað að huga að þeim slösuðu		Allir á vettvangi	Gulur

Fyrsta viðbragð allt of seint, ólíkt því sem væri í raunveruleikanum. Í raun hefði verið búið að bjarga mörgum þegar allt byrjaði á æfingunni. Tæknideild þarf að koma strax inn á vettvang þar sem við þurfum víst líka að byrja strax að huga að eftir vinnu. Tryggja gögn/mynda vettvang.		LRH	Gulur
Sp. að skilgreina betur hlutverk hvers og eins t.a.m í aðgerðarstjórn. Til hvers er ætlast og undir hvern hver og einn heyrir		AST	Gulur
Hefði mátt vera meira rauntímaleg æfing, þ.e. ef til slíks slys kemur mun lögregla og sjúkra/slökkvilið vera fyrst inn á svæðið og byrja að leita að þeim sem eru á lífi. Lögregla myndi síðan bakka meira út úr því eftir því sem fleiri björgunarsveitaaðilar koma á vettvang og fara í gæsluhlutverk. Spurning hvort skipulag á MÓT ætti að raða björgum saman eftir hlutverki (liðum) td. Sjúkrabílar saman, lögreglubílar saman og svo framvegis.		VST	Gulur
Vantaði fleiri leikara en þá sem voru í flugvélinni. Það vill oft gleymast að "sviðsmyndin" yrði mun mun stærri ef um alvöru atburð yrði að ræða. Sjúkrahúsin og t.d. Rauði krossinn myndu koma mun meira inn í áfallinu en svona æfing sýnir.		Æfingastjórn	Grænn
Tölvubúnaður í SST virkaði ekki, til dæmis var ekki hægt að komast inn á eina tölvuna, önnur var með sambandsleysi við skjá.		SST	Gulur
Fjarskipti og gæsla milla svæða hjá SSS		LSH/VST	Gulur
Þarf að breyta áætluninni, flutningastjóri getur ekki haft yfirsýn yfir MÓT erfitt að halda utan um Bjargir á Mót		AST	Grænn

Tilheyrði rannsóknarvinnu LRH, áttum að taka skýrslur af slösuðum, vorum sammála um að það væri eins og leikararnir vissu ekki alveg sitt hlutverk, enginn gat svarað spurningum um hvað hafði gerst, hvar hann sat og einhverjir gáfu upp rangt nafn af því þau héldu að þau ættu að búa til eitthvað nafn. Eins var rými fyrir slasaða allt of lítið		Æfingastjórn/AVD/ISA/LHS	Gulur
Vantaði meiri upplýsingar frá verkþáttastjórunum um stöðu mála úti á vettvanginum sjálfum. Verkþáttastjórinn (gæslustjórinn) kom aldrei inn á svæði greiningardeildar til að kanna hvort allt væri í lagi þar. Í raun vantaði mannafla á tímabili og þeir sem voru við vinnu þar höfðu ekki alltaf yfirsýn yfir svæðið.		LRH	Grænn
Lokanir og boðleiðir á svæði mót gekk ekki vel að mínu mati of löng lokun sem var óþörf.		LRH/VST	Gulur
Fengum ekki dyraverði á græna svæði (söfnunarsvæði slasaðra). Vorum því að bregðast við of litlu rými (fengum samtals 30 slasaða til okkar) og ónógri stýringu á umferð um svæðið.		LSH	Gulur
Talning þolenda á SSS var ómarkviss. Grænir þolendur fóru út um hliðardyr en það fattaðist sem betur fer fljótt. Skráning út var í lagi en það vantaði að skrá bráðaflokkunarnúmer þar sem þolendur komu inn á SSS. Þegar átti að stemma af talningu þá var það ekki hægt þar sem númer voru bara til í útskráningu.		VST	Gulur
Hefði viljað verið kominn fyrr á vettvang, dælubíllinn sem ég var skráður á var geymdur frekar lengi á MÓT og þegar við vorum sendir inn voru komnir 10 bílar frá björgunarsveitum sem hefðu aldrei verið komnir inn á svæði í raunveruleikanum.		VST	Gulur

Á æfingunni voru hnökrar á upplýsingastreymi frá heilbrigðisstarfsfólki í SST til ISAVA vegna hugsanlegra sjúkraflutninga með flugi. Það virtist stafa af misvísandi upplýsingum sem heilbrigðisstarfsfólkið fékk varðandi greiningu sjúklinga. Mýflug OPS svaraði ekki símtali frá SST. Ernir OPS svaraði ekki símtali frá SST		SST/ISA	Gulur
Úr SST: Stjórnendur SÁBF hefðu mátt melda sig mun meira saman þ.e. í sameiningu þ.e. fyrir utan viðrunarfundina sem haldnir voru reglulega á æfingunni. Jafnframt velti ég því fyrir mér hvar, og þá hvort, sjúkrahúsin komi ekki eitthvað meira inn í áætlanir en eftir á að hyggja var kannski gott að hafa þessa tvo starfsmenn á milli bjarga og áætlana þar sem þær voru með púlsinn á öllum sjúkra-og heilsugæslu. - Hafa mætti upplýsingar á einum stað, einum vegg, sem allir skoða en ekki í öllum hornum og skotum. Kemur eflaust með tíð og tíma. Ekki svo sem hægt að gera miklar væntingar frekar m.v. það að þetta rými er nýtt og varla full búið.		SST	Gulur
Þarf að skilgreina betur hvaða verkefna heyra undir vettvangsstjórn annarsvegar og aðgerðarstjórn hinsvegar.		AST	Gulur
Það hefði mátt vera stærra rými fyrir græna á söfnunarsvæði slasaðra.		LSH/ISA/AVD	Gulur
Einingar bjsv. á svæði 1 voru mættar áður en boð komu og voru ekki að koma í þeirri röð sem væri eðlilegt miðað við fjarlægð frá Rvk flugvelli og voru sumar að sinna öðrum verkefnum en í raun aðstæðum. Þetta mætti laga með því að gefa ekki upp nákvæman boðunartíma heldur eitthvað tímabil sem yrði boðað innan		Æfingastjórn	Gulur
Að aðskilja svæði þar sem þátttakendur í æfingunni urðu fyrir raunverulegum slysum, ofkælingu og smáskráum frá		Æfingastjórn	Gulur

æfingasvæðinu, eða hafa sérmerkt svæði.			
Skipulag talhópa. Það væri mjög til bóta að setja talhópa skipulag fyrir hvern verkþátt inni viðbragðsáætlunina. Skipta svona dreifðum vettvangi upp í einingar og setja stjórnanda yfir hvern þeirra. Bæta merkingar söfnunarsvæða.		Allir	Gulur
Halda betur utan um bjargir, bæði fólk og búnaður var ónýttur þrátt fyrir skorti á hvoru tveggja inná vettvangi		VST	Gulur
Hlutverk viðbragðsaðila virtust á köflum ekki vera alveg á hreinu. Mikið af búnaði "týndur" á æfingunni, þ.e.a.s kom ekki inn á svæði og ekki vitað af honum fyrr en eftir á. Talhópaskipulag ekki í samræmi við flugslysaáætlun?		VST	Gulur
Nýta allar bjargir sem komu á svæðið. Ef þeir gátu ekki flutt sjúklinga en sögðust vera með búnað þá voru þeir láttnir bíða fyrir utan völlinn á biðsvæði flutningstækja/bjarga og búnaðurinn komst aldrei inn.		VST	Gulur
Fjarskiptin voru í einhverjum ólestri og fannst mér eins og það væri ekki verið að keyra þau eftir plani. Nýjum talhóp var bætt við sem var ekki í skipulagi né áætlun og það var blár 1-6 þar sem björgunaraðilar frá SL voru.		AST/AVD	Gulur
Ég upplifði æfinguna ekki eins stóra og skipulagða, þe. metnaðarfulla eins og æfinguna sem var haldin 2012. Of mikið af nýjum hlutum sem var varið að prófa.		Æfingastjórn	Gulur
Ég hef séð stóra hópslysaæfingu keyrða þannig að það var stopp eftir ákveðinn tíma þar sem æfingin var stöðvuð, öllum leyft að komast á sömu blaðsíðuna og tóku strax á þeim vandamálum sem komu upp. Það er e-ð sem væri sniðugt að skoða og hefði þannig verið hægt að nýta mannskap betur og verkþáttastjórnar þannig		Æfingastjórn	Gulur

líklegri til að fá betri yfirsýn. Stoppið þarf ekki að vera nema 15 mínútur.			
Það þarf að vera á hreinu hvaða hlutverki björgunarsveitirnar gegna en í raun ættu þær ekki að fara inní flakið þar sem þær hafa ekki búnað til þess.		AVD/AST/SL	Gulur
Fjöldi lögreglumanna sem hummuðu verkefni af sér voru ekki að gera neitt gagn.		LRH	Gulur
Flæðið við SSS hefði þurft að vera betra og virðist ítrekað gleymast að gera ráð fyrir mannskap í að bera sjúklinga úr bílum og inní SSS.		LSH	Gulur

6.3.3.3 Einkunn æfingar

Þegar þátttakendur voru spurðir um hversu gagnleg þeir töldu æfinguna á skalanum frá 1-10 þar sem 10 er mjög gagnleg og 1 er ekki gagnleg kemur í ljós að allir töldu æfinguna afar gagnlega. Meðal einkunn æfingar er 8.4